



# Egilsstaðaskóli



**Valgreinar í 8.-10.bekk**

**2021—2022**

## Samval í 8.—10.bekk í Egilsstaðaskóla

Samkvæmt grunnskólalögum nr. 91 frá 2008 skulu nemendur á elsta stigi eiga kost á vali um námsgreinar. Nemendur í 8. til 10.bekk skulu samkvæmt Aðalnámskrá eiga kost á vali fimmtung námstímans.

Markmiðið með vali er að gefa nemendum tækifæri til þess að velja viðfangsefni í skólanum í tengslum við áhugasvið, styrkleika og framtíðaráform. Val í Egilsstaðaskóla fer annars vegar fram í samvali sem er tvær kennslustundir á viku, en hins vegar í tengslum við einstakar námsgreinar. Samvalið eru tímabundin námskeið sem taka til mismunandi viðfangsefna sem sum eru tengd ákveðnum námsgreinum og fara fram innan skólans, en önnur eru kennd utan skólatíma. Val innan námsgreina byggir á því að nemendur hafi val um viðfangsefni og útfærslu verkefna. Gert er ráð fyrir því að nemendur í 8.-10.bekk Egilsstaðaskóla velji sér viðfangsefni í samvali (2 kest á viku) og innan einstakra námsgreina (4 kest á viku) auk þess geta nemendur ráðstafað vinnutíma sínum á svæðum, sem eru blandaðir vinnutímar (4 kest á viku).

Námsmat í vali er hæfnimiðað eins og annað námsmat í skólanum. Þó er í sumum valnámskeiðum er gefið lokið/ólokið. [Í hverju valnámskeiði er metin hæfni á námsviði með tilliti til hæfniviðmiða námskeiðsins, sem sjá má inn á Mentor. Metið er eftir námsmatskvarða skólans: A— framúrskarandi hæfni, B—góð hæfni, C—sæmileg hæfni og D—hæfni ábótavant.](#)

Heimilt er samkvæmt grunnskólalögum að meta skipulagt nám sem stundað er utan grunnskóla sem hluta af vali í grunnskóla. Þar er t.d. átt við nám við ME eða tónlistarskóla. **Auk þess er, að ósk foreldra, heimilt að meta tímabundna þátttöku nemenda í atvinnulífi, þátttöku í íþróttum og skipulögðu sjálfböðastarfi.** Þetta fyrirkomulag er nefnt **utanskólalval**. Nemendur geta þannig nýtt nám í tónlistarskóla, íþróttir, nám í ME eða starf í björgunarsveitum allt að fjögur val tímabil í samvali og sömuleiðis má meta vinnu utan skólatíma. Það jafngildir tveimur kennslustund á viku á grundvelli skólaársins.

**Nemendur munu velja rafrænt.** Bæklingur með yfirliti yfir valnámskeið til áramóta er á heimasíðu skólans og nemendur þurfa að lesa námskeiðslýsingar áður en þeir velja. Valið er svo opið frá kl. 15.00 þriðjudaginn 25. ágúst til kl. 16.00 fimmtudaginn 27. ágúst. **Ef nemendur velja ekki innan þessa tímaramma verður valið fyrir þá.**

**Foreldrar og forráðamenn eru hvattir til að skoða valið vel með sínum börnum og aðstoða þau við að velja það sem þeim hentar best. Sendur verður tölvupóstur til forráðamanna þeirra nemenda sem velja utanskólalval og þeir beðnir um að staðfesta það í svarpósti.**

Með kveðju, Ruth Magnúsdóttir, skólalastjóri

## Samval 2021—2022

Samvali er skipt niður í 4 tímabil um níu vikur á lengd, tvær kennslustundir á viku. Nemendur velja nú fyrir helminginn af vetrinum.

**Raða skal öllum námskeiðum tímabilsins upp í forgangs röð.**

Reynt er að koma til móts við val nemenda eins og hægt er. Í sumum verklegum námskeiðum verður að takmarka fjölda nemenda þar sem ekki er hægt að kenna stórum hópum.

Kl.14:10-15:30

Tímabil	Þriðjudagar	Dagsetningar
1		31. ágúst — 2. nóv
2		9. nóv — 18. jan

### Utanskólaval

Nemendum stendur til boða að taka hluta af valinu utan grunnskóla.

Dæmi um utanskólaval

Jafngildi tveimur  
kennslustundum á viku

- \* Nám við ME
- \* Nám í tónlistaskóla eða annað formlegt list- og/eða verknám
- \* Þáttaka í atvinnulífínu
- \* Þáttaka í íþróttastarfi
- \* Þáttaka í skipulögðu sjálfboðastarfi.

Sendur verður tölvupóstur til forelda sem þurfa að staðfesta valið.

## Árshátíð unglíngastígs

**Kennarar: Esther Kjartansdóttir**

Vegna breytinga á vali unglíngastígs og ástandsins í Þjóðfélaginu ákváðum við að slá saman árshátíð og Þjóðleik. Þannig verður árshátíðarverkið okkar eitt af leikritunum sem skrifuð voru fyrir Þjóðleik 2020. Breytingar verða á fyrirkomulagi árshátíðarinnar þannig að allir bekkirnir hjálpast að við að undirbúa utanumgjörð leiksýningarinnar. Þannig að í árshátíðarval skrá sig einungis þeir sem ætla sér að leika, dansa eða vera í tæknimálum.

Árshátíðina þekkja allir og leggjast þar allir á eitt til að setja upp frábæra leiksýningu.

Þjóðleikur er leiklistarhátíð ungs fólks sem haldin er annað hvert ár á landsbyggðinni. Markmið verkefnisins er að styrkja leiklistariðkun ungs fólks og auka áhuga þess á leiklist, auk þess að efla íslenska leikritun.

Í ár eru 4 leikrit sem voru skrifuð fyrir hátíðina og eru höfundarnir þau; Álfurún Örnólfsdóttir, Egill Andrason, Hildur Selma Sigbertsdóttir og Matthías Tryggvi Haraldsson.

Leikhópurinn mun setja sýninguna upp í skólanum auk þess að sýna á loka-hátíð Þjóðleiks, þegar og ef hægt verður að halda hana í vor. En lokahátíðir eru haldnar að vori þar sem allar sýningar í hverjum landsfjórðungi koma saman á stórri leiklistarhátíð.

**Áhugi, vinnusemi, frumkvæði og sjálfstæði** eru lykilhugtök í vinnu sem þessari. Allir sem velja árshátíð þurfa að vinna eftir þeim. Nemendur velja hvaða verkefni þeir helst kjósa að taka að sér og er þeim raðað niður eftir því. Athugið að árshátíðarvalið hefur verið vel sótt undanfarin ár en nú hefur

verið sett ákveðin fjöldatakmörk þannig að ekki er víst að allir komist að.

### Markmið:

- Geti tekið þátt í samvinnu með sameiginlegt markmið hópsins að leiðarljósi
- Geti tekið á móti tilfallandi verkefnum af ábyrgð og jákvæðni
- Geti unnið í hóp að leiklistarverkefni og öllum þeim störfum sem því tilheyrir
- Geti veitt og tekið á móti uppbyggilegri gagnrýni og nýtt sér hana í vinnuferlinu
- Geti prófað sig áfram og tekið sjálfstæðar ákvarðanir í sköpunarferlinu og valið úr mismunandi leiðum við túlkun leiktexta
- Geti nýtt sér leikmuni, búninga, einfaldan sviðsbúnað og tækni til þess að styrkja sköpun sína
- Geti skrásett og rökstutt eigið vinnuferli í leiklist



### Námsmat:

Hæfniviðmið í námslotu þar sem metin er m.a. valbók og sjálfsmat nemenda.

## Bakstursval

**Kennari:** Hildur Jóna Gunnlaugsdóttir

Í bakstursvali kynnst nemendur mismunandi bakstursaðferðum eins og gerbakstri og þá bæði brauðmeti og sætmeti. Hrærðum, þeyttum og hnoðuðum kökum og tertum. Steiktu brauði, skyr- og ostakökum. Nemendur fá auk þess að kynnst kökuskreytingum.

Námsefnið verður fjölbreytt og fræðilegir þættir verða fléttaðir inn í verklegu tímana.

Áhersla er lögð á að nemendur þekki helstu hreinlætiskröfur og geti sýnt hreinlæti í verki.

### Markmið

- Að nemendur tileinki sér góð og snyrtileg vinnubrögð.
- Þjálfri bæði sjálfstæð vinnubrögð sem og að geta unnið með öðrum.
- Kynnist mismunandi bakstursaðferðum.

**Námsmat:** Frammistöðumat út frá metnanlegum hæfniviðmiðum, sjálfsmat nemenda og valbók.



## Hreyfing til ánægju

**Kennari:** Sigfús Guttormsson

**Lýsing:** Farið verður í gönguferðir frá skólanum. Einhver ákveðin leið verður gengin í hvert skipti.

**Markmið:**

- Að nemendur gangi um nærumhverfi sitt sér til ánægju.
- Að nemendur kynnist nærumhverfi sínu og náttúrunni sem þar er.
- Að nemendur kynnist lítillega sögu bæjarins og örnefnum í honum og í kringum hann.

**Námsmat:** Byggist á valbók og virkni nemenda.



## Trésmíði 1: Kollur

Kennari: Óttar Brjánn Eypórsson

Markmiðið er að nemandi:

- Læri að vinna með og kynnast eðli og eiginleikum efniviðarins.
- Læri að skipuleggja verkferlið til að lágmarka hættu á mistökum.
- Læri að umgangast og nota vélar og verkfæri á réttan og öruggan hátt.
- Kynnist algengum samsetningaraðferðum í trésmíði.
- Læri að grunnvinna skipti sköpum fyrir lokaútlit og yfirborðsmeðhöndlun

**Námsmat:** Frammistöðumat út frá hæfni á námssviði, valbók og sjálfsmati |



Námskeiðið verður  
7. sept—6. okt  
þriðjudaga milli kl.  
14:00 og 16.40.



## Trésmíði 2: Skeinisrekki

Kennari: Óttar Brjánn Eypórsson

### Markmið er að nemendur:

- Læri að vinna með við og kynnist eðli og eiginleikum efniviðarins.
- Læri að skipuleggja verkferlið til að lágmarka hættu á mistökum.
- Læri að umgangast og nota vélar og verkfæri á réttan og öruggan hátt
- Læri að þússun og yfirborðsmeðhöndlun skiptir sköpum þegar kemur að loka útliti.

**Námsmat:** Frammistöðumat út frá metanlegum hæfniviðmiðum og sjálfsmat nemanda (valbók).




Námskeiðið verður  
9. nóv-8.des  
Þriðjudaga milli kl.  
14:00 og 16.40.

## Frjáls vinnustofa í listsköpun- tjáningu

**Kennari:** Hrefna Egilsdóttir

**Lýsing:**



Í vinnustofunni er boðið upp á einstaklingsnám og samvinnunám. Unnið er með hugmyndir hvers og eins nemanda.

Í boði er að vinna með blýant, kol, liti, krítar, þekjuliti og vatnsliti.

Einnig er í boði að koma með eigið myndlistardót og fá leiðbeiningar með það. Ef þess er óskað.

**Markmiðið er að nemandi:**

Rauði þráðurinn er að hluti sköpunar er hugstormum og þjálfun í hugmynda-  
vinnu. Nemendur vinna að markmiðum sínum með hugmyndunum með  
stuðningi frá samnemendum og kennara. Hefjast handa við að vinna verk sín  
allt frá hugmynd til lokaútkomu, kynna verk sín og skrá vinnuferli í valbók.  
Umgengni við áhöld og efni í listsköpun er hluti af kennslunni.

**Námsmat:** Frammistöðumat út frá hæfni á námssviði, valbók og sjálfsmati  
nemenda.





## Bílamótor

**Kennari:** Svanur Hallbjörnsson

**Viðfangsefni:** Mótórrannsóknir

**Markmiðið er að nemandi:**

Nemendur kynnst grunnhugmyndum um bílvélar. Skrúfaður verður í sundur mótor, hann skoðaður og rætt verður um hvað knýr hann áfram. Búast má við skítugum fingrum og gramsi.

**Námsmat:** Hæfniviðmið í námslotu og sjálfsmat nemenda (valbók).

Námskeiðið fer fram á þremur dögum 6. okt, 13 okt og 20 okt milli kl. 17 og 20.

Kennt verður á Verkstæði Svans á Finnstöðum.

Hægt er að bjóða 4 nemendum að sækja námskeiðið.

## Yndislestur

**Kennari:** Sigfús Guttormsson

**Lýsing:** Nemendur lesa bæði valda texta og eins texta að eigin vali. Þeir halda leiðarbók og kynna það sem þeir hafa lesið hver fyrir öðrum í hópnum. Að auki velja nemendur sér eina bók og gera grein fyrir efni hennar í viðtali við kennara.

### Markmið:

- Að nemendur njóti lesturs.
- Að nemendur lesi mismunandi bókmenntatexta. Til dæmis þjóðsögur, ævintýri, smásögur og skáldsögur.
- Að nemendur geti greint frá efni þeirra bóka sem þeir hafa lesið.

**Námsmat:** Frammistöðumat út frá hæfni á námssviði, valbók og leiðarbók nemenda.



# Markþjálfun

Umsjón: Margrét Sigfúsdóttir



**Markþjálfun er eitthvað fyrir þig ef þú vilt...**

- ná fram því besta í þér
- finna, forgangsraða og ná markmiðum þínum
- takast á við veikleika þína, vandamál og verkefni
- fá meira jafnvægi og skipulag í líf þitt
- þjálfra styrkleika þína

## Markmið að nemandi:

- ná í fram því besta í fari sínu og opni fyrir möguleikann á jákvæðari lífsýn.
- uppgötvi fleiri möguleika og ný tækifæri til að byggja sig upp og vinna að fyrir fram ákveðnum markmiðum.



## Námsmat:

Valbók, sjálfsmat nemenda og viðhorfskannanir.